

41. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 15. september 2015, kl. 13:00 á í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

Mættir: Hildur Ösp Gylfadóttir formaður (Skype), Helgi Jóhannsson, Jónína Magnúsdóttir, Inda Björk Gunnarsdóttir, Edward Huijbens, Þórarinn Hannesson fulltrúi kennara, Björg Traustadóttir fulltrúi foreldra, Haukur Orri Kristjánsson fulltrúi nemenda, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Dagskrá

1. Dagsetning funda vetrarins

Samþykkt að fundir vetrarins verði 3. þriðjudag í mánuði nema í maí og ágúst þegar skóli er að enda og byrja.

2. Tengsl við atvinnulíf og yfirlit yfir samninga sem eru í gildi

Skólameistari gerði grein fyrir nýjum samningi við Skiltagerð Norðurlands vegna kennslu í FabLab. Enn eru til staðar samningar við Tónskóla Fjallabyggðar, Listaháskóla Íslands, Knattspyrnufélag Fjallabyggðar og Lifthús í Fjallabyggð. Þórarinn gerði grein fyrir að gott samstarf væri við fyrirtæki í Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð vegna vinnustaðanáms nemenda á starfsbraut

3. Niðurstaða vorannar 2015

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir niðurstöðum vorannar 2015. Önnin skilaði 129 nemendaígildum án starfsbrautar en 140 að starfsbraut meðtalinni. Skólinn fékk úthlutað 112 nemendaígildum á árinu 2015. Skólameistari vakti athygli á að í fjárlögum fyrir 2016 eru nemendaígildi skólans enn skorin niður. Meðaleinkunn var 6,48 og brottfall einungis 3%. Nefndarmenn lýstu ánægju yfir góðri niðurstöðu annarinnar

4. Kosning formanns

Hildur Ösp gefur kost á sér sem formaður áfram. Samþykkt samhljóða. Helgi býður sig áfram fram sem varaformaður. Samþykkt samhljóða.

5. Rekstrarniðurstöður fyrir fyrri hluta ársins

Fjármálastjóri mætti til fundar og lagði fram endurskoðaða áætlun fyrir árið. Gerð var grein fyrir skekkju sem fram kom í áætluninni fyrri hluta árs. Þar hafði sama upphæð verið tvíþókuð. Það hefur nú verið leiðrétt í

Þessari áætlun. Einnig var lagt fram yfirlit yfir stöðu fjárhags það sem af er ári.

6. **Innritun og upphaf annar**

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir að nú væru 235 nemendur á skrá í skólanum, þar af eru 129 fjarnemar. Nýnemar úr 10. bekk eru 22.

7. **Sjálfsmat**

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir sjálfsmati skólans og sjálfsmatsskýrslu sem er í lokavinnslu. Skýrslan gefur jákvæða mynd af stöðu skólans. Skólanefnd mun fá skýrsluna senda þegar henni verður lokið.

8. **Nýir áfangar**

Skólameistari gerði grein fyrir nýjum áföngum við skólann. Þar má fyrst nefna ArtFabLab. Þessi áfangi er unninn í samvinnu við Skiltagerð Norðurlands. Þar er tækjabúnaður og þekking beggja aðila nýtt. Þá er útivist og danska en þar fékkst Nordplus styrkur til að búa til samþættan áfanga og þar er verið í samstarfi við danskan skóla á Jótlandi. Í miðannarviku verður boðið upp á nýja áfanga, m.a. frá Listaháskóla Íslands.

9. **Önnur mál**

a. **Samstarf framhaldsskóla á Norðurlandi**

Skólameistari gerði grein fyrir skipan nefndar sem vinnur að málinu. Þá hefur fyrirtækið Ráðrík verið fengið til að vinna að verkefninu. Tillögu skal skilað frá nefndinni fyrir 1. desember.

b. **Viðhaldsvinna í sumar**

Helgi spurði hvort viðhaldsvinna í sumar hefði farið fram. Lára upplýsti að þakkantur hefði verið málaður og skipt um gler.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:30.